

# **Siðareglur Ríkisútvarpsins**

**(settar af útvarpsstjóra 13. júní 2022)**



## Tilgangur

- 1. gr.** Siðareglur þessar fela í sér viðmið um háttarni starfsfólks Ríkisútvarpsins. Tilgangur þeirra er að efla fagleg vinnubrögð og auka traust á starfsemi Ríkisútvarpsins.

## Gildissvið

- 2. gr.** Siðareglur þessar gilda um allt starfsfólk Ríkisútvarpsins. Þegar Ríkisútvarpið ræður verktaka til starfa skal leitast við að tryggja að þeir séu meðvitaðir um siðareglur þessar.

## Grunngildi Ríkisútvarpsins og starfsfólks

- 3. gr.** Hlutverk Ríkisútvarpsins samkvæmt lögum nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, er að stuðla að lýðræðislegri umræðu, menningarlegri fjölbreytni og félagslegri samheldni í íslensku samfélagi með fjölmiðlaþjónustu í almannabágu. Ríkisútvarpið er þjóðarmiðill og skal rækja fjölbreytt hlutverk sitt af fagmennsku, metnaði, heiðarleika og virðingu. Það skal leggja rækt við íslenska tungu, menningu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð. Starfsfólk Ríkisútvarpsins hefur þessi markmið og hlutverk Ríkisútvarpsins ávallt að leiðarljósi.

## Heilindi

- 4. gr.** Starfsfólk Ríkisútvarpsins rækir störf sín af ábyrgð, heilindum og heiðarleika. Starfsfólk Ríkisútvarpsins forðast að kasta rýrð á Ríkisútvarpið eða skaða ímynd þess og traust með framkomu sinni.

## Hagsmunaárekstrar, o.fl.

- 5. gr.** Starfsfólk Ríkisútvarpsins nýtir ekki stöðu sína til persónulegs ávinnings fyrir sig eða aðra.

## Starfsumhverfi

- 6. gr.** Starfsfólk Ríkisútvarpsins skapar sér starfsumhverfi sem ýtir undir samtal, samvinnu, frumkvæði og umbótahugsun. Á Ríkisútvarpinu eiga mannkostir og störf hvers og eins að njóta sín.



## Jafnrétti

- 7. gr.** Starfsfólk Ríkisútvarpsins hefur mannréttindi og jafnrétti ávallt að leiðarljósi og forðast hvers kyns mismunun.

## Einelti, ofbeldi o.fl.

- 8. gr.** Starfsfólk Ríkisútvarpsins líður ekki einelti, ofbeldi, eða áreitni af neinu tagi. Starfsfólki ber að kynna sér verkferla Ríkisútvarpsins.

## Samfélag og umhverfið

- 9. gr.** Starfsfólk Ríkisútvarpsins gætir þess að hafa sjálfbærni að leiðarljósi í störfum sínum og starfsemi Ríkisútvarpsins í heild, forðast sóun og lágmarka óæskileg áhrif á umhverfi og náttúru.

## Eftirfylgni

- 10. gr.** Um brot gegn siðareglum þessum og afleiðingar slíkra brota fer eftir eðli máls hverju sinni. Útvarpsstjóri, eða eftir atvikum stjórn Ríkisútvarpsins ef málefnið varðar útvarpsstjóra sjálfan, skal þó ávallt hafa endanlegt ákvörðunarvald.

## Gildistaka

- 11. gr.** Siðareglur þessar öðlast þegar gildi. Samhliða falla úr gildi eldri siðareglur og siðanefnd, sem starfar samkvæmt þeim, lætur af störfum.